

Ráðherranefndartillaga um samstarfsáætlun í vinnumálum árin 2018-2021

1. Samantekt

Norræna ráðherranefndin um vinnumál (MR-A) hefur samið nýja samstarfsáætlun fyrir tímabilið 2018-2021. Samstarfsáætlunin miðar að því að ákvarða stefnumótandi áherslu formlegs samstarfs norrænu ríkisstjórnanna í vinnumálum á tímabilinu 2018-2021.

Samstarfsáætlunin nær yfir svið atvinnu, vinnumarkaðar, vinnuumhverfis og vinnuréttar. Samstarfsáætlunin á að styðja við vinnu Norðurlandanna og efla norrænt samstarf á þessum sviðum. Samstarfið mun í miklum mæli beinast að gerð úttekta, greininga og umræðu um það sem er líkt og ólíkt í aðgerðum og niðurstöðum Norðurlandanna varðandi sameiginleg viðfangsefni. Samstarfið á að gefa hugmyndir fyrir stefnumótun landanna, en líka tækifæri til að samræma sjónarmið, þar sem það telst viðeigandi og þegar það felur í sér norrænt notagildi. Nánar tiltekið á þeim sviðum þar sem löndin geta náð betri árangri saman en hvert fyrir sig.

Norræna ráðherranefndin um vinnumál (MR-A) óskar hér með eftir hugsanlegum sjónarmiðum Norðurlandaráðs um samstarfsáætlunina í vinnumálum á tímabilinu 2018-2021.

2. Aðdragandi

MR-A ákvað í árslok 2016 að fara þess á leit við framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar að hann legði drög að gerð nýrrar samstarfsáætlunar sem miðaði að kynningu, pólitískri umræðu og samþykkt á fundi MR-A árið 2017. MR-A ákvað enn fremur að greining Poul Nielsons, málefni og tillögur úr skýrslunni „14 tillögur að norrænu samstarfi í framtíðinni í vinnumarkaðsmálum“, ásamt öðrum viðeigandi atvinnumálefnum, ættu að verða hluti vinnunnar með nýju samstarfsáætlunina á tímabilinu 2018-2021. Að lokum ákvað MR-A að leggja ætti áherslu á mikilvægi atvinnulífsins fyrir aðlögun í samstarfsáætluninni fyrir árin 2018-2021.

Á grundvelli þessara ákvarðana var samin samstarfsáætlun í vinnumálum fyrir tímabilið 2018-2021. Samstarfsáætlunin var afgreidd af MR-A og verður nú lögð fyrir Norðurlandaráð.

Við gerð áætlunarinnar hefur tvívegis verið leitað til Norðurlandaráðs, þar sem Norðurlandaráð hefur komið með tillögur að innihaldi áætlunarinnar og gert



athugasemdir við drög að áætluninni. Aðrir aðilar hafa líka komið með tillögur í vinnunni eins og t.d. aðilar vinnumarkaðarins.

3. Tillaga

Samstarfsáætlunin í vinnumálum fyrir tímabilið 2018-2021 bendir á nokkur helstu viðfangsefni í vinnumálum og hvernig norrænt samstarf geti lagt sitt af mörkum til að bregðast við þeim.

Á tímabili áætlunarinnar mun samstarfið einkum beinast að fjórum áherslusviðum:

-) Bæta samræmi milli framboðs og eftirspurnar eftir hæfu vinnuafli og auka atvinnuþátttöku, einkum meðal hópa sem standa höllum fæti.
-) Efla gott vinnumhverfi á vinnustöðum fyrir bæði konur og karla, m.a. með því að koma í veg fyrir atvinnutengda sjúkdóma og slys og eyða óviðunandi vinnuáðstæðum.
-) Tryggja gott jafnvægi milli verndar launþega og sveigjanleika auk þess að varðveita norræna stefnu í vinnumálum með þrjá aðila á vinnumarkaði.
-) Efla aðlögun, jafnrétti og frjálst flæði vinnuafls á norrænum vinnumarkaði.

MR-A mun á tímabili áætlunarinnar líka vinna stöðugt að því að efla samstarf um ESB-málefni og væntanlega löggjöf frá framkvæmdastjórn ESB. Samstarf við aðrar alþjóðlegar stofnanir eins og Alþjóðavinnuáráðstofnunina (ILO) og Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) verður einnig sett í forgang.

Í fylgiskjali 1 má sjá samstarfsáætlunina í heild sinni.

4. Áhrifamat fyrir börn og ungmenni, jafnrétti og sjálfbæra þróun

Þverlæg stefna Norrænu ráðherranefndarinnar; börn og ungmenni, jafnrétti og sjálfbær þróun er fléttuð inn í áætlunina. Samstarfsáætlunin mun því verða góð viðbót á þessum sviðum.

5. Samstarf/skipulag

Norræna ráðherranefndin um vinnumál (MR-A) ber meginábyrgð á norrænu samstarfi í vinnumálum. Norræna embættismannanefndin um vinnumál (EK-A) sér um skipulag og skiptir fjárveitingum MR-A. EK-A hefur skipað þrjár fastanefndir; Vinnumarkaðsnefndina, Vinnumhverfisnefndina og Vinnuréttarnefndina. Við hlið nefndanna er líka norræni-baltneski-pólski ESB-upplýsingahópurinn. Auk þess verða skipaðir tímabundnir hópar eftir þörfum á tímabili áætlunarinnar.

Sveigjanlegt skipulag skiptir höfuðmáli í vinnu að vinnumálum. Með þeim hætti má hefja og fylgja eftir málefnum dagsins á skilvirkan hátt.



6. Fjárhagsáætlun/Fjárhags- og mannauðsáhrif

Samstarfsáætlunin mun verða hluti fjárhagsáætlunar MR-A og verða leiðbeinandi og leggja línurnar fyrir nefndirnar þrjár og annað starf á fagsviðinu.

SAMSTARFSÁÆTLUN Í VINNUMÁLUM

1. Inngangur

1.1. Um samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar

Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar í vinnumálum lýsir helstu pólitísku viðfangsefnum og forgangsörðun fagsviðsins á tímabilinu 2018-2021. Markmið samstarfsáætlunarinnar er að ákvarða stefnumarkandi áherslu formlægs samstarfs norrænu ríkisstjórnanna. Áætlunin gefur almenna lýsingu á þeim áherslusviðum þar sem grípa má til beinna aðgerða og skapa verkefni. Samstarf í vinnumálum nær til Norðurlandanna og Færeyja, Grænlands og Álandseyja og varðar atvinnu- og vinnumarkaðsmál ásamt sviði vinnuumhverfis og vinnuréttar.

Samstarfsáætlunin gegnir leiðandi hlutverki á fagsviðinu og hana ber að skoða í samhengi við önnur stefnumótandi skjöl í norrænu samstarfi. Samstarfsáætlunin styður bæði yfirlýsingu norrænu forsætisráðherranna frá árinu 2016 um að gera Norðurlöndin að samþættasta svæði í heimi og framtíðarsýn norrænu samstarfsráðherranna *Saman erum við öflugri* sem var samþykkt 2014. Þverlæg stefna Norrænu ráðherranefndarinnar; jafnrétti, sjálfbær þróun, málefni barna og ungmenna, aðlögun og málefni fatlaðs fólks mun einnig verða fléttuð inn í áætlunina.

Á árinu 2016 útbjó fyrrum danski ráðherrann og framkvæmdastjóri ESB á sviði þróunarsamvinnu, Poul Nielson, að beiðni Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumál (MR-A), stefnumótandi úttekt á sviði vinnumála. Úttektinni lauk með skýrslunni „14 tillögur að norrænu samstarfi í framtíðinni í vinnumarkaðsmálum“, sem var tekin til umfjöllunar á fundi Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumál í nóvember 2016. Málefni skýrslunnar, greiningar og tillögur ásamt ályktunum Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumál á fundinum mynda í heild mikilvægan grunn að þessari samstarfsáætlun.

Samstarfið í vinnumálum beinist í ríkum mæli að því að kanna, greina og ræða það sem er líkt og ólíkt með Norðurlöndunum með tilliti til aðgerða, niðurstaðna og bestu starfsvenja sem varða sameiginleg viðfangsefni. Samstarfið getur lagt fram hugmyndir að stefnumótun landanna, en getur líka gefið tækifær til, þar sem slíkt er talið eiga við og skapar *norrænt notagildi*, samræmt sjónarmið á sviðum þar sem löndin geta náð meiru fram saman en hvert í sínu horni.

1.2. Um samstarfsáætlun í vinnumálum

Atvinnulífið gegnir veigamiklu hlutverki fyrir þróun norrænu velferðarsamfélaganna, fyrir viðskiptalífið og fyrir sérhvern einstakling. Sameiginlegur vinnumarkaður er hornsteinninn í norrænu samstarfi. Nægt og hæft vinnuafli er mikilvægasta auðlind okkar og leggur grunninn að samkeppnishæfum norrænum vinnumarkaði og að þróun norrænu velferðarþjóðfélaganna. Norðurlöndin skara fram úr í alþjóðlegu samhengi með háu menntunarstigi bæði kvenna og karla.

Á sama tíma stendur norrænn vinnumarkaður andspænis verulegum breytingum í kjölfar m.a. lýðfræðilegrar þróunar, aukinnar hnattvæðingar og alþjóðlegrar samkeppni. Hröð tækniþróun hefur afleiðingar fyrir eftirspurn, hæfniskröfur, skipulag og samsetningu atvinnulífs. Þróunin skapar fjölda nýrra tækifæra, en getur líka haft í för með sér verulegar áskoranir.

Samstarfsáætlunin í vinnumálum árin 2018-2021 tilgreinir nokkrar verulegar áskoranir í vinnumálum og hvernig norrænt samstarf getur stuðlað að úrlausn þeirra. Samstarfsáætlunin mótar mikilvægar forsendur norræns samstarfs í

SAMSTARFSÁÆTLUN Í VINNUMÁLUM

vinnumálum. Hún tilgreinir málefnið og viðfangsefnið sem verða veigamikill þáttur umræðna og miðlunar reynslu milli Norðurlandanna og er grundvöllur öflunar þekkingar og dæma um bestu starfsvenjur á þessu fjögurra ára tímabili.

Ríkisstjórnir allra Norðurlandanna vinna jafnt og þétt að því að stuðla að skilvirku atvinnulífi og sjálfbærum hagvexti og atvinnu. Með norrænu samstarfi fá ríkisstjórnirnar gagnlegar upplýsingar og hugmyndir í þessa vinnu.

Á tímabili áætlunarinnar mun samstarfið í vinnumálum einkum beinast að eftirfarandi áherslusviðum:

- J Aukið samræmi milli framboðs og eftirspurnar eftir hæfu vinnuafli og aukin þátttaka á vinnumarkaði, einkum hjá hópum sem standa höllum fæti.
- J Efling góðs vinnuumhverfis fyrir bæði konur og karla, m.a. með því að koma í veg fyrir vinnutengda sjúkdóma og slys auk þess að ryðja úr vegi óviðunandi vinnuaðstæðum.
- J Trygging góðs jafnvægis milli starfsmannaverndar og sveigjanleika, auk þess að standa vörð um norræna líkanið í vinnumálum sem byggir á þremur aðilum vinnumarkaðarins.
- J Efling innkomu á vinnumarkað og aðlögun, jafnrétti og frjálst flæði á norrænum vinnumarkaði.

Samstarfsáætlunin var samþykkt XX og tekur gildi 1. janúar 2018 og gildir til loka árs 2021.

2. Stefnúmerandi áherslusvið

Áhersla samstarfsins í vinnumálum mun á tímabili áætlunarinnar einkum beinast að nokkrum markmiðum sem miða að úrlausn þeirra áskorana og möguleika til lengri tíma litið sem norrænn vinnumarkaður stendur andspænis. Sumar þeirra áskorana sem norrænt atvinnulíf framtíðarinnar stendur andspænis varða alþjóðavæðingu vinnumarkaðarins, stafræna þróun og tilkomu deiliahagkerfisins og áhrifa þess á ráðningarkjör, þátttöku í stéttarfélögum og vinnuumhverfi. Sjálfvirkni og aukin notkun þjarka getur skapað hættu á að störf hverfi eða breytist. Áskoranir í formi aukins misréttis, láglanastefnu og útskýfunar ásamt spurningum um framboð á hæfu starfsfólki og endurmenntun á vinnumarkaði eru veigamikil atriði. Þörfin á þátttöku hópa sem standa höllum fæti á vinnumarkaði er áfram í fullu gildi og fólksflutningar til Evrópu og aukinn fjöldi nýbúa eykur þörfina á bættri aðlögun. Hækkandi meðalaldur íbúa sem eru lengur á vinnumarkaði en áður felur líka í sér áskorun við að tryggja nægilegt framboð vinnuafli og uppfylla aukna þörf fyrir velferðarþjónustu á Norðurlöndunum. Þetta á einkum við á þeim svæðum á Norðurlöndum þar sem fólki fækkar.

Norrænt samstarf mun beinast að áskorunum til lengri tíma litið. Samstarfið mun þó líka leyfa sveigjanleika, þannig að eftir þörfum megi beina sjónum sérstaklega að áskorunum af völdum hagsveiflna og annarra ófyrirsjáanlegra atburða sem geta átt sér stað á tímabili áætlunarinnar.

Áskoranirnar og þróunin sem við sjáum fyrir okkur eru á margan hátt samtvinnuð og því erfitt að greina nákvæmlega á milli þeirra. Á heildina má færa rök fyrir því að norrænn vinnumarkaður standi frammi fyrir sviðsmynd sem geti haft mikil áhrif á atvinnulíf og samfélag framtíðarinnar. Það getur því falið í sér kosti í að nálgast þessar áskoranir með norrænu samstarfi. Eftirfylgni og samstarf um viðtækari og samþættari úttektir, tölulegar upplýsingar og viðeigandi framtíðargreiningu getur verið liður í því starfi, ásamt stöðugri miðlun reynslu, faglegum og pólitískum umræðum og gagnkvæmri fræðslu milli Norðurlandanna.

2.1 Áherslusvið 1

- 1) Aukið samræmi milli framboðs og eftirspurnar eftir hæfu vinnuafli og aukin atvinnuþátttaka, einkum hjá hópum sem standa höllum fæti.

Helsta forgangsverkefni samstarfsins á sviði atvinnu- og vinnumarkaðsmála er að stuðla að sem mestri atvinnuþátttöku kvenna og karla, sem og eins fáum einstaklingum og kostur er sem eru varanlega utan vinnumarkaðarins.

Mikilvæg markmið á sviði atvinnu- og vinnumarkaðsmála eru:

Aukin atvinnuþátttaka, einkum hjá hópum sem standa höllum fæti á vinnumarkaði. Þetta felur í sér áherslu á hraðari og skilvirkari þátttöku meðal annars ungs fólks, langtímaatvinnulausra, aldraðra og fólks af erlendum uppruna á vinnumarkaði. Að auki er lögð áhersla á að draga úr fjarvistum vegna veikinda starfsmanna og að auka atvinnuþátttöku einstaklinga með skerta starfsgetu og fötlun. Slæm þróun í geðheilbrigðismálum, einkum meðal ungs fólks, er áhyggjuefni og krefst athygli. Mikilvægt er að tryggja að þeir sem fá vinnu ráði við að halda vinnunni og að eldri starfsmenn séu eins lengi og kostur er á vinnumarkaði. Vinnuframlag ber einnig að auka með því að

SAMSTARFSÁÆTLUN Í VINNUMÁLUM

Þeir sem þegar vinna hlutastörf og sem óska eftir að bæta við sig vinnu fái tækifæri til að vinna meira. Samráð og samstarf við ólíka hlutaðeigandi aðila á vinnumarkaði er mikilvægt til að ná fram aukinni atvinnuþátttöku.

Aukið samræmi milli framboðs og eftirspurnar eftir vinnuafli. Áhersla verður lögð á hvernig megi auka samræmi á vinnumarkaði með tilliti til að draga úr flöskuhásum og að tryggja betri nýtingu fjármagns á vinnumarkaði. Gott samræmi milli atvinnuleitenda og atvinnurekenda krefst þekkingar hjá starfsmönnum vinnumiðlana um þarfir vinnumarkaðarins og tengsl við bæði atvinnuleitendur og atvinnurekendur. Viðurkenning starfsréttinda og raunfærni eru viðfangsefni sem áfram er unnið með, ásamt kröfum um frjálst flæði vinnuafls milli landa og væntingum um virka þátttöku hvers og eins.

Áhersla verður lögð á að *berjast gegn atvinnuleysi*, að veita aukin tækifæri til atvinnu og að sporna gegn langvarandi atvinnuleysistímabilum. Ungt fólk, fólk af erlendum uppruna og einstaklingar með litla formlega starfshæfni eru dæmi um samfélagshópa sem er sérlega hætt við atvinnuleysi. Einstaklingar með fötlun sem veldur skertri vinnugetu eru mikið til utan vinnumarkaðar, jafnvel þó þeir óski eftir að vera í vinnu. Áhersla verður lögð á fötlun sem torveldar þátttöku þessara hópa og á skilvirkar aðgerðir sem stuðla að aukinni atvinnuþátttöku. Í þessu samhengi er einnig mikilvægt að skoða hvernig megi draga úr hindrunum og bæta tækifæri á vinnumarkaði, hvernig megi skapa hvata til vinnu sem og gott jafnvægi milli vinnu, tekna og velferðarþjónustu á Norðurlöndunum.

Stuðningur við færniþróun sem er löguð að þörfum vinnumarkaðarins. Áhersla verður lögð á hvernig megi á sem bestan hátt þróa færni vinnandi fólks með tilliti til að koma til móts við auknar kröfur um umskipti og að tryggja að vinnuaflið hafi hverju sinni þá færni sem vinnumarkaðurinn þarfnast. Þörfin á færniþróun er sérlega viðeigandi fyrir einstaklinga með litla formlega starfshæfni og veika undirstöðufærni og fyrir einstaklinga sem hafa til að bera færni sem samræmist ekki þörfum atvinnulífsins. Þessir hópar eru líka viðkvæmari fyrir breytingum og umskiptum á vinnumarkaði, meðal annars í tengslum við tækniþróun. Menntakerfið gegnir líka veigamiklu hlutverki með tilliti til herra almenns menntunarstigs og sér í lagi við að tryggja að ungt fólk ljúki nauðsynlegri skólagöngu. Um leið munu flestir fullorðnir þurfa á lífsleiðinni að afla sér nýrrar færni til að tryggja þátttöku sína á vinnumarkaði – óháð aldri, kyni og menntun. Þetta veldur því að mikilvægt er að beina sjónum að símenntun, menntun á vinnumarkaði og á vinnustöðum, sem og gefa kost á framhaldsmenntun.

2.2 Áherslusvið 2

-) Efling góðs vinnuumhverfis fyrir bæði konur og karla, m.a. með því að koma í veg fyrir vinnutengda sjúkdóma og slys auk þess að ryðja úr veggum óviðunandi vinnuaðstæðum.

Mikilvæg markmið á sviði vinnuumhverfis eru:

SAMSTARFSÁÆTLUN Í VINNUMÁLUM

Stuðla að virku og markvissu starfi í vinnuumhverfismálum. Lýðfræðileg þróun og þörf samfélagsins í framtíðinni fyrir vinnuafli krefst áherslu á forvarnarstarf fyrirtækja í vinnuumhverfismálum. Virkt og markvissu starf á staðbundnum vettvangi með mið af rekstri fyrirtækjanna og framleiðslu, sem stuðlar að vinnuumhverfi þar sem starfsmenn geta unnið á skapandi og þýðingarmikinn hátt án hættu á slysum og sjúkdómum, ræður úrslitum bæði með tilliti til að draga úr fjarvistum vegna veikinda, lengja starfsferilinn og auka atvinnuþátttöku hópa sem standa höllum fæti. Mikilvægt er að stuðla að möguleikum barnafjölskyldna og einstaklinga til starfa sem gefa kost á auknu jafnvægi milli lífs á vinnumarkaði og einkalífs auk þess að hvetja eldri starfsmenn til að lengja veru sína á vinnumarkaði. Þörf er á aukinni þekkingu um þær stuðningsaðgerðir og eftirfylgni á vinnustöðum og í vinnuumhverfi sem þarf til að ná fram settum markmiðum. Mjög ólíkt er hvernig einstök fyrirtæki vinna með þetta og því má gera betur á þessu sviði. Aukinn skilningur á jákvæðum áhrifum vinnuumhverfis á framleiðni og þeim aðgerðum sem einkum stuðla að minni fjarvistum vegna veikinda og örorku er lykilatriði.

Styrking góðs félagslegs og andlegs vinnuumhverfis. Áhersla verður lögð á að tryggja að nýta megi sem best starfskrafta hvers starfsmanns um leið og gott og sjálfbært vinnuumhverfi er tryggt alla starfsævina. Athyglinni verður beint að stórum áskorunum sem koma fram í meðal annars talnagögnum um fjarvistir vegna veikinda og örorku, þar sem stoðkerfissjúkdómar og sálfélagslegir þættir koma mest við sögu. Athyglinni verður líka beint að hópum sem standa verulega höllum fæti, til dæmis ungu fólki og eldra fólki á vinnumarkaði, minnihlutahópum og starfsfólki með skerta starfsgetu og að sérlega slítandi erfiðum starfs- og atvinnugreinum. Stefna ESB í vinnuumhverfismálum verður einnig mikilvægur grundvöllur norræns samstarfs á þessu sviði.

Óviðunandi vinnuaðstæðum og félagslegum undirboðum/brotastarfsemi á vinnumarkaði rutt úr vegi. Áherslu verður beint að því hvernig megi þróa Norðurlöndin áfram sem eftirsóknarverðan vinnumarkað með velmenntuðu starfsfólki og háa staðla varðandi starfskjör og vinnuumhverfi, sem einnig stuðlar að því að laða hingað eftirsótt erlent vinnuafli. Samhliða þessu verður rík áhersla lögð á að koma í veg fyrir að aukinn innflutningur vinnuafli og láglaunastefna stuðli að óviðunandi vinnuaðstæðum, undirboðum launa og misrétti á norrænum vinnumarkaði. Þetta eru málefni þar sem miklir möguleikar eru á bæði miðlun upplýsinga og reynslu um skilvirkar aðgerðir og tæki gegn brotastarfsemi, þar sem íhuga má möguleika á að efla hagnýtt samstarf viðeigandi norrænna stjórnvalda.

Áframhaldandi þróun stefnu um vinnuumhverfis- og eftirlitsmál. Sjónum verður beint að miðlun reynslu og þekkingar um skilvirka stefnu um vinnuumhverfi og eftirlitsaðferðir, þar á meðal að stefnu ESB í vinnuumhverfismálum og öðrum viðeigandi forgangsverkefnum. Mikilvægur þáttur samstarfsins mun felast í að ná fram haldbetri og hagnýtari þekkingu byggðri á rannsóknum um þá stefnu í vinnuumhverfismálum og eftirliti sem er vænleg til árangurs í fyrirtækjunum.

2.3 Áherslusvið 3

-) Trygging góðs jafnvægis milli starfsmannaverndar og sveigjanleika, auk þess að standa vörð um norræna líkanið í vinnumálum sem byggir á þremur aðilum vinnumarkaðarins.

Svið vinnuumhverfis og vinnuréttar eru nátengd og því er mikilvægt að skoða markmiðin í áherslusviðum 2 og 3 í samhengi. Mikilvæg markmið til að bæta svið vinnuréttar eru:

Trygging jafnvægis milli starfsmannaverndar og sveigjanleika á vinnumarkaði. Atvinnulíf framtíðarinnar býður upp á nýja starfshætti og ný verkefni vinnandi fólks. Þessar nýju leiðir skipulags í atvinnulífnum hafa afleiðingar fyrir vinnuréttarleg ráðningarform og samskipti og þar með verður mikilvægt að tryggja að það hafi ekki neikvæðar afleiðingar í för með sér fyrir hvort heldur einstaklinginn, fyrir einstök fyrirtæki eða fyrir efnahagslífið. Ný áhersla á hvernig megi skapa og þróa áfram líkön og tryggja jafnvægi milli starfsmannaverndar og sveigjanleika á vinnumarkaði verður forgangsverkefni.

Trygging góðra aðstæðna á vinnumarkaði. Áhersla verður lögð á að viðhalda og þróa áfram heiðarlegan vinnumarkað á Norðurlöndum og eiga samstarf við aðila vinnumarkaðarins um að fyrirbyggja og vinna gegn misrétti, félagslegum undirboðum/brotastarfsemi á vinnumarkaði og gráu hagkerfi.

Aðlögun og þróun norræna líkansins í atvinnumálum. Líkanið í atvinnumálum, sem byggir á þremur aðilum vinnumarkaðarins, gegnir lykilhlutverki á Norðurlöndunum. Eitt forgangsverkefnanna verður hvernig megi með miðlun þekkingar og samstarfs á Norðurlöndum, m.a. í samskiptum við ESB og aðrar viðeigandi alþjóðastofnanir, standa vörð um og þróa norræna líkanið í atvinnumálum auk þess að takast á við þær áskoranir sem líkanið stendur andspænis. Ósk manna er að tryggja líka samkeppnishæfni og sjálfbærni líkansins þegar nýir starfshættir eru innleiddir. Þátttaka í stéttarfélögum auk stöðu og getu aðila vinnumarkaðarins á norrænum vinnumarkaði eru mikilvæg mál í þessu samhengi.

2.4 Áherslusvið 4

-) Efling innkomu á vinnumarkað og aðlögun, jafnrétti og frjálst flæði á norrænum vinnumarkaði.

Mikilvæg þverlæg markmið á þessu sviði eru:

Efling innkomu á vinnumarkað og aðlögun nýbúa og fólks af erlendum uppruna. Á tímabili samstarfsáætlunarinnar verður sérstakri athygli beint að verkefnum til að efla innkomu á vinnumarkað, þar sem atvinna er lykilþáttur í að tryggja velheppnaða aðlögun og einnig mikilvægur þáttur til að tryggja sjálfbærni í velferðarkerfinu. Þátttaka foreldra á vinnumarkaði er líka þýðingarmikill þáttur í að bæta aðlögun barna og ungmenna að samfélaginu.

Stuðla að jafnræði og jafnrétti á vinnumarkaði. Samstarfið í vinnumálum mun leggja áherslu á eflingu jafnréttis með tilliti til kyns, uppruna, fötlunar o.s.frv. sem og að hamla gegn skiptum vinnumarkaði. Jafnvægið milli vinnu og einkalífs gegnir hér lykilhlutverki. Í þessu samhengi er einnig mikilvægt að greiða fyrir aukinni þátttöku á vinnumarkaði meðal kvenna af erlendum uppruna og að beina sjónum að aðgerðum sem auðvelda samþættingu

SAMSTARFSÁÆTLUN Í VINNUMÁLUM

vinnu, menntunar og fjölskyldu. Samstarfið í vinnumálum mun einnig beina sjónum að því að vinna gegn misrétti sem má rekja til aldurs, kyns, uppruna, þjóðernis, o.s.frv.

Trygging frjáls flæðis vinnuafis ásamt því að fækka og koma í veg fyrir nýjar stjórnsýsluhindranir á Norðurlöndum.

Frjáls norrænn vinnumarkaður hefur þjónað tilgangi sínum í meira en 60 ár og mikilvægt er að viðhalda honum og þróa áfram í framtíðinni. Vinnan á fagsviðinu mun beina sjónum að stöðugum stuðningi við frjálst flæði vinnuafis á norrænum vinnumarkaði með því að vinna gegn stjórnsýsluhindrunum og komast hjá því að nýjar myndist. Þessi vinna mun fara fram með hliðsjón af ESB og þeirri umgjörð sem ESB setur. Mikilvægi frjáls flæðis vinnuafis, einkum með tilliti til dreifbýlla svæða og áskorana sem þar má finna, meðal annars misræmis milli færnistigs vinnuafis og færniparfar vinnumarkaðar, er mikilvægt að varpa skýrara ljósi á.

3. Samstarf um ESB og aðrar alþjóðastofnanir

Fagsviðið mun vinna jafnt og þétt að efldu samstarfi við ESB og hafa vakandi auga með nýjum lagafrumvörpum frá framkvæmdastjórn ESB. ESB-málefni sem varða sameiginlega hagsmuni Norðurlanda verða tekin jafnt og þétt til umræðu á fundum í ráðherranefndinni, embættismannanefndinni og nefndum. Mikilvægur þáttur þessarar vinnu er að koma í veg fyrir að nýjar stjórnsýsluhindranir myndist.

Einkum vinnuréttarnefndin beinir sjónum að ESB-málefnum og leggur bæði áherslu á undirbúning löggjafar, samningaviðræður í gangi, framkvæmd ESB-löggjafar og úrskurði Evrópudómstólsins og önnur tengd mál. Auk þess hefur Norræna embættismannanefndin um vinnumál (ÅK-A) farið þess á leit við norræna vinnuhópinn um almannatryggingar að hann fylgist með þróuninni á ofangreindum sviðum til þess að koma í veg fyrir að nýjar stjórnsýsluhindranir myndist.

Norræni-baltneski-pólski ESB-hópurinn um upplýsingamál fylgist með starfi ESB á sviði vinnumála.

Auk ESB eru líka aðrar mikilvægar alþjóðlegar stofnanir sem skipta máli fyrir norrænt samstarf í vinnumálum. Alþjóðavinnuálastofnunin (ILO) er sérstofnun SP í vinnuástaðs- og vinnuverndarmálum. Á fyrstu stigum samstarfsáætlunarinnar í vinnumálum verður m.a. mikilvægt að fylgjast með og hafa áhrif á vinnuna með *Future of Work*, en verkefnið er hluti af 100 ára afmælishátíð Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) á árinu 2019. Þessi afmælishátíð mun gefa Norðurlöndunum ásamt Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum tækifæri til að koma sameiginlegum norrænum sjónarmiðum og góðum starfsvenjum á framfæri með tilliti til atvinnulífs framtíðarinnar og mun einnig verða grundvöllur frekara samstarfs.

Efnahags- og framfarastofnun Evrópu (OECD) leggur mikla áherslu á vinnuskapandi aðgerðir sem geta aukið hagvöxt. Sérfræðipækning og greiningar OECD á málefnum tengdum vinnuástaði geta verið góð viðbót við norrænt samstarf í vinnumálum.

Þar sem við á verður fulltrúum frá m.a. ESB, OECD og Alþjóðavinnuálastofnuninni (ILO) boðið að taka þátt í fundum, ráðstefnum o.fl.

4. Skipulag á fagsviðinu

Norræna ráðherranefndin um vinnumál (MR-A) hefur yfirumsjón með norrænu samstarfi í vinnumálum og er mikilvægur vettvangur umræðna og miðlunar reynslu meðal norrænna ráðherra sem fara með málaflokkana atvinnumál, vinnurétt og vinnuumhverfi, um hvernig megi á sem bestan hátt takast á við sameiginlegar áskoranir í vinnumálum.

Samstarfið er í höndum Norrænu embættismannanefndarinnar um vinnumál (ÄK-A), sem setur fram viðmiðunarreglur um og skiptingu fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumál (MR-A). Sveigjanlegt skipulag er lyklatríði ef norrænt samstarf í vinnumálum á að geta hrint málum í framkvæmd og fylgt þeim eftir á skilvirkan hátt. Norræna embættismannanefndin um vinnumál (ÄK-A) hefur skipað þrjár fastanefndir – Vinnumarkaðsnefndina, Vinnuumhverfisnefndina og Vinnuréttarnefndina – og skipar tímabundna hópa eftir þörfum. Við hlið nefndanna er líka norræni-baltneski-pólski ESB-hópurinn um upplýsingamál, sem fyrst og fremst fylgir eftir starfi ESB á sviði vinnumála, vinnutengdrar löggjafar og vinnuumhverfis.

Nefndirnar og vinnuhóparnir gegna mikilvægu hlutverki við miðlun þekkingar og reynslu milli landanna hver á sínu verkswiði. Þau eiga líka að leggja fram tillögur til Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumál (MR-A) og Norrænu embættismannanefndarinnar um vinnumál (ÄK-A).

Norræna stofnunin um framhaldsmenntun í vinnuvernd (NIVA) í Helsinki tilheyrir líka norrænu samstarfi í vinnumálum, sbr. tilvísunina í 5. kafla. Auk þess fjármagnar Norræna ráðherranefndin í vinnumálum að hluta til Nordjobb-áætlunina um frjálsa för fyrir unga Norðurlandabúa sem vilja vinna í öðru norrænu landi (www.nordjobb.net). Norræna ráðherranefndin fjármagnar einnig upplýsingaverkefni á skandinavísku og ensku um vinnumál á Norðurlöndum (www.arbejdslivinorden.org).

Auk þess skapar formlegt samstarf mikilvæg tengslanet milli norrænna embættismanna á sviði vinnumála sem löndin geta haft mikinn hag af í tilvikum sem upp kunna að koma. Rétt er að benda á að við hlið formlegs norræns samstarfs innan Norrænu ráðherranefndarinnar fer líka fram víðtækt óformlegt norrænt samstarf, oftar en ekki með langa sögu að baki.

5. Norræna stofnunin um framhaldsmenntun í vinnuvernd - NIVA

Norræna stofnunin um framhaldsmenntun í vinnuvernd (NIVA) er norræn samstarfsstofnun á sviði norræns samstarfs í vinnumálum á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar (www.niva.org). Starfsemi NIVA byggir á stefnumarkandi umboði sem er ákveðið af Norrænu embættismannanefndinni um vinnumál (ÄK-A).

Helsta verkefni NIVA er að vera vettvangur miðlunar þekkingar á sviði vinnuverndar og vinnuumhverfis. NIVA á að skapa umræðu um mikilvæg nýstárleg málefni í vinnuumhverfismálum sem stuðla að bættu atvinnulífi á Norðurlöndum. Auk þess á NIVA að skapa norrænan virðisauka með því að halda málfundi, málstofur og málþing á háskólastigi, einkum á sviðum þar sem skortir nægilegan fjölda í einu landi.

SAMSTARFSÁÆTLUN Í VINNUMÁLUM

Vinnuverndar- og vinnuumhverfissviðið eru þverfaglegt svið þar sem viðfangsefnin breytast í takti við breyttan vinnumarkað. Sérstakar áskoranir á komandi árum munu endurspegla starfsemi NIVA á tímabilinu fram til ársins 2021 og þær eru meðal annars: Hækkandi meðalaldur vinnufærra íbúa, sálfélagslegar hættur á vinnumarkaði, þróun nýrrar tækni, skilvirkar forvarnir gegn slysum á vinnumarkaði, starfshættir framtíðar og áhrif þeirra á vinnuskilyrði.

6. Framkvæmd samstarfsáætlunarinnar

Þau viðfangsefni og áherslusvið sem getið er í þessari samstarfsáætlun munu gegna lykilhlutverki í norrænu samstarfi í vinnumálum á árunum 2018-2021.

Samstarfsáætlunin endurspeglar í fjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumál (MR-A) og markar leiðina og mótar forsendur fyrir starfsemi nefndanna þriggja sem og á öðrum sviðum málaflokksins.

Á fagsviðinu er lögð sérstök áhersla á að eiga sameiginlegar, stöðugar og nánar viðræður og miðla upplýsingum, sem eiga að stuðla að því að skapa nýja þekkingu og verkefni. Viðræðurnar munu fara fram á milli nokkurra aðila, eins og t.d. aðila vinnumarkaðarins, fræðimanna og viðeigandi stofnana og aðila. Samstarfið getur veitt innblástur til stefnumótunar í löndunum eftir reglum landanna, en getur einnig verið grundvöllur samræmingar sjónarmiða þar sem við á og gagn er af.

Samstarfsáætlunin mun taka á sig mynd og verða hrint í framkvæmd, einkum í starfsemi formennskuáætlunarinnar og í framkvæmdaáætlunum nefndanna. Fastanefndirnar hafa yfir takmörkuðum verkefnastyrkjum að ráða, sem þær fyrst og fremst nota til að efla þekkingargrunn fyrir miðlun reynslu. Þessi vinna fer m.a. fram með því að kortleggja og greina það sem er líkt og ólíkt með aðgerðum Norðurlandanna og áhrifum þeirra. Verkefnin munu stuðla að framkvæmd samstarfsáætlunarinnar.

Einnig verða haldnar margar norrænar ráðstefnur um málefni líðandi stundar í vinnumálum. Ráðstefnurnar eru grundvöllur miðlunar þekkingar og reynslu milli landanna, skapa fundarstaði og stuðla að myndun tengslaneta og þróunarstarfs.

Viðræður fara að miklu leyti fram milli Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumál (MR-A), Norrænu embættismannanefndarinnar um vinnumál (ÅK-A), viðeigandi nefnda og skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar – sem og milli aðila vinnumarkaðarins. Þátttakendum er boðið að koma með tillögur fyrir samstarfsáætlunina og þeim verður yfirleitt einnig boðið til viðræðna þriggja aðila um viðeigandi málefni sem varða vinnumarkað í tengslum við árlega fundi Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnumál (MR-A). Þátttaka annarra aðila, ráða og nefnda verður jafnt og þétt metin og þeim boðið þegar við á.

Auk þessa er þess einnig vænst að fagsviðið taki þátt í þverfaglegum verkefnum að frumkvæði t.d. forsætisráðherranna, samstarfsráðherranna (MR-SAM) eða Norðurlandaráðs. Samstarfið mun í öllu sínu starfi samþætta stefnu Norrænu ráðherranefndarinnar um sjálfbæra þróun og, þar sem við á, einnig taka með jafnréttismál, málefni barna og ungmenna, aðlögun og málefni fatlaðra eins og getið var í kafla 1.1. Fagsvið vinnumála á einnig samstarf við önnur fagsvið á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar, sérstaklega Norrænu ráðherranefndina um félags- og heilbrigðismál (MR-S), Norrænu ráðherranefndina um atvinnu-, orku- og byggðastefnu (MR-NER) og Norrænu ráðherranefndina um jafnréttismál (MR-JÄM). Áður en þessi samstarfsáætlun fellur úr gildi árið 2021 mun fara fram eftirfylgni byggð á reynslu af áætluninni.